

## Reglugerð um kjör Íþróttamanns Hveragerðis

### 1.gr

Menningar-, íþrótt- og frístundanevnd skal í umboði bæjarstjórnar Hveragerðis standa að kjöri og útnefningu Íþróttamanns Hveragerðis í desember mánuði ár hvert.

### 2.gr

Íþróttamaður Hveragerðis getur sá orðið sem er íslenskur ríkisborgari, hefur lögheimili í Hveragerði og hefur náð 16 ára aldri á því ári sem tilnefnt er fyrir. Erlendur ríkisborgari sem hefur samkvæmt Þjóðskrá haft lögheimili á Íslandi samfellt í þrjú ár (búsetuvottorð frá Þjóðskrá) telst ekki sem erlendur íþróttamaður og er gjaldgengur í kjörið.

### 3.gr

Heimilt er hverju íþróttafélagi í Hveragerði eða einstaka deildum innan þess að senda inn tvær tilnefningar um íþróttamenn af báðum kynjum fyrir 1. desember. Menningar- og frístundafulltrúa er einnig heimilt að tilnefna afreksmenn. Þegar skilað er inn tilnefningum skulu deildir/íþróttafélög skila inn greinargerð um viðkomandi íþróttamann. Þar skal m.a. koma fram:

- Afrek / keppni erlendis á árinu (félag / landslið ) í unglunga- eða fullorðinsflokki:
- Afrek / keppni á Íslandi í unglunga- eða fullorðinsflokki:
- Afrek / keppni í Hveragerði í unglunga- eða fullorðinsflokki:
- Umsögn um íþróttamanninn – afrek, karakter, stefna, o.s.frv.

### 4.gr

Menningar-, íþrótt- og frístundanevnd hefur heimild til að tilnefna íþróttamenn úr Hveragerði sem hafa skráða búsetu erlendis og stunda íþrótt sína utan bæjarmarkanna að höfðu samráði við sérsambönd ÍSÍ. Allar tillögur skulu rökstuddar.

### 5.gr

Menningar-, íþrótt- og frístundanevnd mun auglýsa eftir tilnefningum frá íþróttafélögum í Hveragerði, en **einnig skal almenningi gefinn kostur á að tilnefna íþróttamann ársins. Með tilnefningu skal fylgja greinargerð um árangur og rökstuðningur fyrir tilnefningu viðkomandi.**

### 6.gr

Viðurkenningu fyrir sæmdarheitið Íþróttamaður Hveragerðis skal afhenda í árlegu hófi bæjarstjórnar Hveragerðis og menningar-, íþrótt- og frístundanevndar Hveragerðis.

### 7.gr

Þeir íþróttamenn í Hveragerði sem unnið hafa Íslandsmeistaratitil eða verið í landsliðum á árinu skulu heiðraðir sérstaklega.

### 8.gr

Reglugerð þessi tekur gildi við samþykkt bæjarstjórnar og skal hún endurskoðuð ár hvert.